



Viðtakandi: Kópavogsbær
Sendandi: Skipulagsfulltrúi

Reykjavík, 26. september 2024

USK24090177

Kópavogur - Smiðjuvegur 76 - Breyting á deiliskipulagi

Umsögn

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. september 2024 var lögð fram umsagnarbeiðni Kópavogsbæjar, dags. 12. september 2024, þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóð nr. 76 við Smiðjuveg. Í breytingunni sem lögð er til felst að komið verði fyrir viðbyggingu norðaustan megin við núverandi hús á lóðinni. Lóðarmörk breytast í samræmi við fyrirhugaða viðbyggingu og stækka til norðausturs og mörk skipulagssvæðis breytist einnig í samræmi við tillögu að lóðarstækkun, samkvæmt uppd. skipulagsdeildar Kópavogsbæjar, dags. 12. júlí 2024.

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við breytinguna. Bent er á óhagræði fyrir lóðarhafa að sækja um afnotaleyfi til tveggja sveitarfélaga við framkvæmdir og viðhald á byggingunni þar sem byggingarreitur stendur út að sveitarfélagsmörkum. Huga skal sérstaklega að öryggi vegfarenda á Stekkjarbakka á framkvæmdatíma og sækja skal um afnotaleyfi til Reykjavíkur fyrir raski á borgarlandi. Ef nýta þarf borgarland til þess að sinna viðhaldi á byggingu skal einnig sækja um afnotaleyfi hjá Reykjavíkurborg. Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar fagnar áherslu á aukinn gróður á svæðinu.

Virðingarfyllt,
Hrönn Valdimarsdóttir
f.h. Skipulagsfulltrúa
Umhverfis- og skipulagssvið